



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 12. mars 2010

Breytingar á reglugerðum KSÍ

Ágætu félagar

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum þann 11. mars nokkrar breytingar á reglugerðum KSÍ en tillögur um breytingar voru samþykktar á ársþingi KSÍ í febrúar. Samþykktar breytingar eru hér meðfylgjandi ásamt stuttum greinargerðum og eru aðildarfélög hvött til að kynna sér þær.

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

Grein 19.2. hljóðar svo:

“KSÍ skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir dómara í leikjum í eftirfarandi mótum:

- öllum mótum KSÍ í meistaraflokki,
- keppni U23 ára liða karla,
- A og B deild 2. flokks karla,
- bikarkeppni 2. flokks karla frá 8 liða úrslitum,
- úrslitakeppnum og úrslitaleikjum yngri flokka og eldri flokks.

KSÍ skal einnig tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í sömu leikjum, þar sem þess er krafist, nema í keppni U23 ára liða og leikjum 2. aldursflokks.”

Grein 19.2. hljóði svo, breytingar ská- og feitletraðar:

“KSÍ skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir dómara í leikjum í eftirfarandi mótum:

- öllum mótum KSÍ í meistaraflokki,
- keppni U23 ára liða karla,
- A og B deild 2. flokks karla **og kvenna,**
- bikarkeppni 2. flokks karla **og kvenna** frá 8 liða úrslitum,
- úrslitakeppnum og úrslitaleikjum yngri flokka og eldri flokks.

KSÍ skal einnig tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í sömu leikjum, þar sem þess er krafist, nema í keppni U23 ára liða og leikjum 2. aldursflokks.”

Greinargerð:

Í breytingunni felst að KSÍ tilnefnir nú dómara hjá 2.flokki kvenna.

Grein 19.3. hljóðar svo:

“Heimalið skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir dómara í leikjum í eftirfarandi flokkum og mótum:

- a. landsmótum yngri flokka (deildum og riðlum) [en ekki í A og B deild 2. flokks karla]
- b. bikarkeppni yngri flokka, [en ekki í bikarkeppni 2. flokks karla frá 8 liða úrslitum],
- c. keppni eldri flokka (riðlakeppni).

Heimalið skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í leikjum í eftirfarandi flokkum og mótum:

- a. keppni U23 ára liða karla,
- b. Íslandsmóti og bikarkeppni 2. flokks,
- c. keppni eldri flokka (riðlakeppni),
- d. í öðrum leikjum

Heimalið getur tilnefnt aðstoðardómara á leiki í keppni 11 manna liða þó þess sé ekki krafist.”

Greinin hljóði svo, breytingar ská- og feitletraðar:

“Heimalið skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir dómara í leikjum í eftirfarandi flokkum og mótum:

- a. landsmótum yngri flokka (deildum og riðlum) [en ekki í A og B deild 2. flokks karla **og kvenna**]
- b. bikarkeppni yngri flokka, [en ekki í bikarkeppni 2. flokks karla **og kvenna** frá 8 liða úrslitum],
- c. keppni eldri flokka (riðlakeppni).

Heimalið skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í leikjum í eftirfarandi flokkum og mótum:

- a. keppni U23 ára liða karla,
- b. Íslandsmóti og bikarkeppni 2. flokks,
- c. keppni eldri flokka (riðlakeppni),
- d. í öðrum leikjum

Heimalið getur tilnefnt aðstoðardómara á leiki í keppni 11 manna liða þó þess sé ekki krafist.”

Greinargerð:

Í breytingunni felst að KSÍ tilnefnir nú dómara hjá 2.flokki kvenna.

Grein 19.7. hljóðar svo:

“Af hverjum leik sem fram fer í Pepsi-deild, 1. og 2. deild karla og Pepsi-deild kvenna skal heimaliðið greiða ákveðið gjald til að standa undir ferða- og upphaldskostnaði dómara og aðstoðardómara vegna leikja í viðkomandi deild. KSÍ ákveður upphæð þessa gjalds í ofangreindum deildum og greiðslur til dómara vegna upphaldskostnaðar og aksturs eigin bifreiða. Verði afgangur af gjaldinu skal hann endurgreiddur liðum viðkomandi deildar. Nægi gjaldið hins vegar ekki fyrir öllum kostnaði, skulu lið viðkomandi deildar greiða það sem á vantar. Í keppni U23 ára liða karla og A og B deild Íslandsmóts 2. flokks karla skal heimalið greiða gjald eins og að ofan greinir fyrir dómara.”

Greinin hljóði svo, breytingar ská- og feitletraðar:

“Af hverjum leik sem fram fer í Pepsi-deild, 1. og 2. deild karla og Pepsi-deild **og 1. deild** kvenna skal heimaliðið greiða ákveðið gjald til að standa undir ferða- og upphaldskostnaði dómara og aðstoðardómara vegna leikja í viðkomandi deild. KSÍ ákveður upphæð þessa gjalds í ofangreindum deildum og greiðslur til dómara vegna upphaldskostnaðar og aksturs eigin bifreiða. Verði afgangur af gjaldinu skal hann endurgreiddur liðum viðkomandi deildar. Nægi gjaldið hins vegar ekki fyrir öllum kostnaði, skulu lið viðkomandi deildar greiða það sem á vantar. Í keppni U23 ára liða karla og A og B deild Íslandsmóts 2. flokks karla **og kvenna** skal heimalið greiða gjald eins og að ofan greinir fyrir dómara.”

Greinargerð:

Í breytingunni felst að nú greiða aðildarfélag í jöfnunarsjóð í 1.deild kvenna og í 2. flokki kvenna.

Grein 23.2.7. hljóðar svo:

„Úrslitaleikur og undanúrslitaleikir bikarkeppninnar skulu fara fram á Laugardalsvelli og skal keppninni ljúka í september eða október. Mótanefnd skal þó heimilt að láta leiki í undanúrslitum fara fram annars staðar en á Laugardalsvelli við sérstakar aðstæður. Mótanefnd annast framkvæmd leikjanna í samráði við leikaðila“

Greinin hljóði svo;

„Úrslitaleikur bikarkeppninnar skal fara fram á Laugardalsvelli í ágúst eða september. Mótanefnd annast framkvæmd leiksins í samráði við leikaðila“

Greinargerð:

Í breytingunni felst að undanúrslitaleikir bikarkeppninnar fara nú fram á heimavelli þess liðs er dregið er á undan í stað þess að leikirnir fari fram á Laugardalsvelli.

Í samræmi við samþykkt ársþings skal úrslitaleikur bikarkeppni karla nú fara fram í ágúst eða september í stað september eða október. Þegar hefur verið samþykkt að bikarúrslitaleikur karla fari fram laugardaginn 14. ágúst. Bikarúrslitaleikur kvenna verður jafnframt færður til samræmis og fer fram sunnudaginn 15. ágúst.

Grein 23.2.13. hljóðar svo:

„Í úrslitaleik og undanúrslitaleikjum skulu leikaðilar eiga rétt á öllu auglýsingasvæði við leikvöllinn. Í úrslitaleik skal þó KSÍ eiga rétt á 40 metra auglýsingasvæði miðsvæðis meðfram langhlið vallar og 20 metra til hvors enda fyrir fasta styrktaraðila. Svæði því sem kemur í hlut leikaðila, skulu þeir skipta með sér til helminga og hljóta óskiptar tekjur hvor fyrir sig af sölu eigin svæðis, nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi.“

Greinin hljóði svo:

„Í úrslitaleik skulu leikaðilar eiga rétt á öllu auglýsingasvæði við leikvöllinn. KSÍ skal þó eiga rétt á 40 metra auglýsingasvæði miðsvæðis meðfram langhlið vallar og 20 metra til hvors enda fyrir fasta styrktaraðila. Svæði því sem kemur í hlut leikaðila, skulu þeir skipta með sér til helminga og hljóta óskiptar tekjur hvor fyrir sig af sölu eigin svæðis, nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi.“

Greinargerð:

Breytt til samræmis við grein 23.2.7.

Grein 32.2.4. hljóðar svo:

“Keppni skal vera tvískipt, undankeppni og aðalkeppni. Aðalkeppni hefst með 8 liða úrslitum og skal mótanefnd ákveða hvaða lið fara beint inn í aðalkeppnina. Draga skal um hvað lið mætast og skal það lið sem dregið er á undan leika á heimavelli. Við niðurröðun leikja í undankeppni er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar.”

Greinin hljóði svo, breytingar ská- og feitletraðar:

“Keppni skal vera tvískipt, undankeppni og aðalkeppni. Í undankeppni taka þátt öll lið nema þau, sem taka þátt í Pepsi-deild. Aðalkeppni hefst með 16 liða úrslitum þegar lið í Pepsi-deild kvenna hefja þátttöku. Draga skal um hvað lið mætast og skal það lið sem dregið er á undan leika á heimavelli. Við niðurröðun leikja í undankeppni er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar.”

Greinargerð:

Í breytingunni felst að aðalkeppni bikarkeppni kvenna hefst nú í 16 liða úrslita í stað 8 liða úrslita áður og öll lið í Pepsi-deild kvenna koma inn á sama tíma í aðalkeppnina, þ.e. 16 liða úrslitin.

Reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál

Greinar 13.3.1., 13.3.2., 13.3.3. og 13.3.4. hljóða svo:

„13.3.1. Agabrot framið á einu keppnistímabili hefur ekki ítrekunaráhrif á því næsta. Ef leikmaður á eftir að taka út agaviðurlög þegar keppnistímabili lýkur skal það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi leikmanns sbr. þó 13.3.3. og 13.3.4. Flytjist leikmaður á milli aldursflokka um áramót, skal hann taka út viðurlögin í nýjum aldursflokki.

13.3.2. Ef leikmaður á eftir að taka út leikbann vegna brottvísunar þegar keppnistímabili lýkur skal það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi leikmanns.

13.3.3. Ef leikmaður á eftir að taka út leikbann vegna áminninga þegar Íslandsmóti og undanúrslitaleikjum í bikarkeppni KSÍ er lokið skal leikbannið falla niður.

13.3.4. Ef leikmaður á eftir að taka út leikbann vegna áminninga þegar úrslitaleik í bikarkeppni KSÍ er lokið skal leikbannið falla niður svo fremi sem leikurinn sé síðasti leikur keppnistímabilsins.“

Greinarnar falli allar út og í stað þeirra komi ein grein 13.3. eins og var áður;

„13.3. Agabrot framið á einu keppnistímabili hefur ekki ítrekunaráhrif á því næsta. Ef leikmaður á eftir að taka út agaviðurlög þegar keppnistímabili lýkur, skal það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi leikmanns. Ofangreint nær aðeins til agaviðurlaga vegna brottreksturs en ekki vegna áminninga. Flytjist leikmaður á milli aldursflokka um áramót, skal hann taka út viðurlögin í nýjum aldursflokki.“

Greinargerð:

Í desember 2009 var gerð breyting á reglugerðinni sem hafði það í för með sér að leikmaður sem átti eftir að taka út leikbann vegna áminninga, gulra spjalda, þegar Íslandsmóti og undanúrslitaleikjum í bikarnum væri lokið væri heimilt að leika í bikarúrslitaleik. Nú þegar búið er að færa bikarúrslitaleik fram og leikurinn er ekki síðasti leikur tímabilsins er ekki ástæða til þess að hafa þetta ákvæði inni með þessum hætti. Því er reglugerðinni breytt til samræmis og tekið upp það ákvæði sem áður var.

Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga

Grein 13.1. hljóðar svo:

„Greiða skal KSÍ gjald vegna skráningar samnings. Gjaldið skal vera krónur 1.500.“

Greinin hljóði svo:

„Greiða skal KSÍ gjald vegna skráningar samnings. Gjaldið skal vera krónur **2.000.**“

Greinargerð:

Gjald vegna skráningar samninga hefur verið óbreytt í mörg ár, hækkun á því nú er til samræmis við almenna verðlagsþróun.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Bestu kveðjur

Þórir Hákonarson
framkvæmdastjóri KSÍ